



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. nóvember 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fríverslun við Bandaríkin, 95. mál

Utanríkismálanefnd hefur sent Samtökum atvinnulífsins til umsagnar ofangreinda tillögu til þingsályktunar, sbr. þingskjal 101. Samkvæmt tillögunni er utanríkisráðherra falið að óska eftir viðræðum við ríkisstjórn Bandaríkja Norður Ameríku um gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Bandarísk stjórnvöld hafa almennt verið treg til að gera fríverslunarsamninga við einstök ríki en lagt þess í stað áherslu á að gera samninga um lækun tolla á grundvelli World Trade Organization (WTO). Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá hafa Bandaríkin gert fríverslunarsamninga við einungis 17 ríki og eru flest þeirra smáríki. EFTA leitaði á sínum tíma eftir að ná samningi um fríverslun við bandaríks stjórnvöld en sú viðleitni bar ekki árangur.

Að sögn utanríkisráðuneytis hefur ekki verið mikill þrýstingur frá útflutningsfyrirtækjum um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Þá hefur Íslandsstofa ekki fundið fyrir óánægju íslenskra útflutningsfyrirtækja með viðskiptakjör á Bandaríkjamarkaði. Á grundvelli tollasamninga WTO njóta íslensk útflutningsfyrirtæki ágætis kjara á Bandaríkjamarkaði. Það gildir t.d. um fiskafurðir sem er ein helsta útflutningsafurð Íslands til Bandaríkjanna. Þá eru góð almenn skilyrði fyrir íslensk fyrirtæki til að fjárfesta í Bandaríkjunum.

Ljóst er að bandaríks stjórnvöld eru ekki tilbúin í fríverslunarsamningi til að liðka um skilyrði fyrir atvinnuleyfi í Bandaríkjunum. Þá er líklegt að í slíkum samningi myndu Bandaríkin leggja áherslu á gagnkvæm frjáls viðskipti með landbúnaðarafurðir, einkum mjólkurafurðir. SA treysta sér ekki til að leggja mat á það hvernig íslenskur landbúnaður sé í stakk búinn til að standast þá samkeppni.

Það er því álit SA að ekki sé brýn ástæða til þess að óska eftir gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Alþingi
Erindi nr. P 139/334
komudagur 22.11.2010



Utanríkismálanefnd
b/t. Nefndarritara
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fríverslun við Bandaríkin, (95. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að hafnar verði viðræður við ríkisstjórn Bandaríkjanna um gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli landanna.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir þau sjónarmið að jákvæð áhrif geta fylgt samningi eins og þeim sem ofangreind tillaga felur í sér. Fríverslunarsamningur við eins öflugt markaðssvæði og Bandaríkin eru gætu opnað fyrir fjölbreytta möguleika fyrir Ísland. Það verður hins vegar að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé réttara að slíkir samningar séu gerðir í samstarfi við önnur EFTA ríki og þá af hálfu EFTA, eins og tíðkast hefur fram að þessu.

Nokkrar atlögur hafa áður verið gerðar að slíkum samningi en mismunandi viðmið og markmið ríkjanna virðast hafa hindrað framgang þeirra. Í því ljósi er ástæða til að skoða hvaða forsendur voru að baki því að samningar náðust ekki í fyrri skipti og hvort slíkar forsendur séu enn til staðar eða hvort í raun séu til komin ný viðhorf.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands